

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjubings um þjálfun prestsefna.

„STARFSREGLUR um þjálfun prestsefna.

1. gr.

Biskup Íslands ábyrgist starfsþjálfun prestsefna og setur nánari fyrirmæli um innihald hennar. Starfsþjálfunarnefnd skipuð af biskupi til fjögurra ára annast um framkvæmd starfsþjálfunar. Biskup setur nefndinni erindisbréf.

2. gr.

Starfsþjálfun skal tryggja að prestsefni öðlist sem mesta færni til að starfa sem prestur þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Heimilt er hverjum guðfræðinema sem hug hefur á kirkjulegu starfi að loknu námi, að sækja um starfsþjálfun er hann hefur lokið 60 eininga námi við guðfræðideild Háskóla Ísland hið minnsta.

4. gr.

Guðfræðinema skal skylt að taka þátt í starfsþjálfun með fullnægjandi hætti að mati starfsþjálfunarnefndar á hverjum tíma.

Fyrri hluta starfsþjálfunar sem veitir réttindi til að sækja um prestsembætti lýkur að jafnaði um leið og nemi lýkur kandidatsprófi. Síðari hluti starfsþjálfunar fer fram þegar kandidat hefur fengið embætti.

Kirkjuráð kveður nánar á um greiðslur vegna starfsþjálfunar að fengnum tillögum starfsþjálfunarnefndar.

5. gr.

Að loknum fyrri hluta starfsþjálfunar veitir starfsþjálfunarnefndin biskupi umsögn um guðfræðinema. Þar skal nefndin m.a. láta í té álit sitt á því hvort hlutaðeigandi sé hæfur til að gegna prestsembætti.

Að því loknu gefur biskup út staðfestingu á því að guðfræðinemi hafi lokið lögboðinni starfsþjálfun með fullnægjandi hætti og sé hæfur til að taka prestsvígslu.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003. Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 736/1998 falla brott frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjubings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.